

**Framteljandi**

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

**Launagreiðandi**, nafn og kennitala**Dagpeningar**

	kr.
	kr.
<b>Heildarfjárhæð dagpeninga 2022, sem færa skal í lið 2.2 á skattframtali</b>	<b>kr.</b>

**Frádráttur vegna dagpeninga innanlands**

<b>Fengnir dagpeningar vegna ferða innanlands</b>	<b>kr.</b>
---	------------

Janúar - apríl	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	30.700	kr.
Gisting	Fjöldi gistinátta	17.700	kr.
Heildsdagsfæði	Dagafjöldi	13.000	kr.
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	6.500	kr.
Máí - september	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	42.400	kr.
Gisting	Fjöldi gistinátta	28.800	kr.
Heildsdagsfæði	Dagafjöldi	13.600	kr.
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	6.800	kr.
Óktóber - desember	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	34.500	kr.
Gisting	Fjöldi gistinátta	20.400	kr.
Heildsdagsfæði	Dagafjöldi	14.100	kr.
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	7.050	kr.
<b>Frádráttur vegna dagpeninga innanlands sem færa skal í lið 2.6 á framtali</b>			<b>kr.</b>

**Skýringar varðandi dagpeninga innanlands**

Í töflunni hér að ofan kemur fram mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum vegna ferða launþega innanlands á vegum launagreiðanda á árinu 2022. Nauðsynlegt er að fram komi fjöldi sólarhringa, gistinátta, heilla daga og hálfra, sem greitt var fyrir hverju sinni.

Heildarfjárhæð greiddra dagpeninga skal færa sem tekjur í lið 2.2 (reit 23) á framtali. Sem frádrátt frá fengnum dagpeningum skal færa leyfilegan frádrátt samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra, sem birt er hér að framan, í lið 2.6 (reit 33) á framtali, þó aldrei hærrí fjárhæð en fengnum dagpeningum nemur.

## Upplýsingar um dagpeninga erlendis

1	Tímabil sem greitt er fyrir	2	Fjöldi ferðadaga	3	Dvalarstaður erlendis	4	Dagpeningar í ísl. kr.	5	Frádráttur í ísl. kr.
Frádrátt vegna dagpeninga erlendis skal færa í lið 2.6 á framtali							=		=

## Skýringar varðandi dagpeninga erlendis

Mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum vegna ferða launþega erlendis á vegum launagreiðanda hans var sem hér segir á árinu 2022:

Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa			
<b>Flokkur 1</b>					
Moskva, New York borg, Washington DC, Singapur, Tókýó					
Jan. - Des.	SDR	Gisting	Annað	Gisting	Annað
		208	125	133	80
<b>Flokkur 2</b>					
Dublín, Istanbúl, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl					
Jan. - Des.	SDR	Gisting	Annað	Gisting	Annað
		177	106	113	67
<b>Flokkur 3</b>					
Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupm.höfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín					
Jan. - Des.	SDR	Gisting	Annað	Gisting	Annað
		156	94	100	60
<b>Flokkur 4</b>					
Annars staðar					
Jan. - Des.	SDR	Gisting	Annað	Gisting	Annað
		139	83	89	54

Mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum vegna ferða launamanns erlendis á vegum launagreiðanda síns miðast að hámarki við reglur ferðakostnaðarnefndar ríkisins um greiðslu dagpeninga eins og þær eru hverju sinni. Á þetta bæði við um greiðslu almennra dagpeninga og dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa. Heimill frádráttur miðast við SDR reiknieingar. Gengi má finna á [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is).

Í dálka 4 og 5 skal færa dagpeningana í íslenskum krónum og skal miða við sölugengi í lok ferðar. Hafi gisting launamanns verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum. Samtölu úr dálki 4 skal færa í lið 2.2 á framtali (reit 23) og samtölu úr dálki 5 í lið 2.6 á framtali (reit 33). **Frádráttur má aldrei vera hærri en fengnum dagpeningum nemur.**

Ef launamaður hefur fengið greidda hærri dagpeninga en samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins telst það sem umfram er til skattskyldra tekna.

### Almennir dagpeningar - þrjár vikur eða lengur

Samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins eru greiddir óskertir dagpeningar ef dvalist er skemur en þrjár vikur á sama stað. Í slíkum tilvikum skal því draga frá fulla almenna dagpeninga.

Sé dvalist þrjár vikur eða lengur á sama stað breytast greiðslur samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins og þar með leyfilegur frádráttur þannig að heimilt er að færa fulla dagpeninga til frádráttar fyrstu vikuna en eftir það lækkar fjárhæðin og verður sú sama og dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa, þ.e. 65% af almennum dagpeningafjárhæðum.

### Þjálfun, nám eða eftirlitsstörf í þrjú mánuði eða lengur

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr þremur mánuðum skal frádráttur á móti dagpeningum lækka um 25% þann tíma sem dvalist er erlendis umfram þrjú mánuði.

### Vinna erlendis

Sé dvöl launamanns erlendis vegna tímabundinna starfa þar á vegum íslensks launagreiðanda, eiga reglur um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við. Honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds í allt að eitt ár, fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt launamaður komi í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

Dags.

Undirskrift